



Stjórnarráð Íslands
Háskóla-, iðnaðar- og
nýsköpunarráðuneytið

Umboðsmaður Alþingis
Templarasundi 5
101 Reykjavík

hvin@hvin.is
545 9600

Arnarhvoli
við Lindargötu,
101 Reykjavík

stjornarradid.is

Reykjavík 23. nóvember 2022
Tilv.: HVIN22110023/0.5.1

Ráðuneytið vísar til bréfs umboðsmanns Alþingis, dags. 2. nóvember sl., þar sem óskað er eftir afstöðu háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytisins til þess hvort ákvæði úthlutunarreglna Menntasjóðs námsmanna fyrir skólaárið 2022-2023, um rafræna meðferð og rafræna undirritun, eigi sér fullnægjandi stoð í lögum nr. 60/2020, um Menntasjóð námsmanna. Í erindinu er vísað kvörtunar og úrskurðar málskotsnefndar Menntasjóðs námsmanna nr. M-5/2021 um að áskilnaður Menntasjóðs um rafrænar undirritanir á skuldabréf ætti sér ekki stoð í lögum. Úrskurðurinn var kveðinn upp 1. júlí 2021 en sömu reglu er enn að finna í lánareglum sjóðsins fyrir skólaárið 2022-2023.

Í kjölfar úrskurðarins hefur sjóðurinn tekið á móti lánþegum í afgreiðslu sjóðsins til hefðbundinnar undirritunnar þegar þess er óskað, í samræmi við stjórnsýslulög og úrskurð nefndarinnar, þrátt fyrir umrædd ákvæði. Ef námsmenn eiga rétt eiga á námsláni og/eða -styrk geta þeir komið þeim upplýsingum og undirritunum, sem nauðsynlegar eru, til sjóðsins á sannanlegan hátt óháð afstöðu eða getu til rafrænna undirritanna. Eftir stendur þó að úthlutunarreglur Menntasjóðs námsmanna fyrir skólaárið 2022-2023, um rafræna meðferð og rafræna undirritun, eiga sér ekki stoð í lögum.

Hvorki lög nr. 60/2020, um Menntasjóð námsmanna né IX. kafli stjórnsýslulaga nr. 37/1993 veita heimild til þess að einskorða meðferð stjórnsýslumála við rafræna meðferð. Almenn jafnræðisrök leiða jafnframt til þess að námsmenn verði að geta borið erindi sín upp við sjóðinn án tillits til þess hvort þeir eigi þess kost að gera það með rafrænum hætti eða ekki.

Í ljósi þessa mun ráðuneytið í samráði við Menntasjóð námsmanna breyta úthlutunarreglum til samræmis við ofangreinda framkvæmd um að áskilja ekki rafræna meðferð og rafræna undirritun, sem og almennar málsmeðferðar- og efnisreglur stjórnsýsluréttar.

Fyrir hönd háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra

Jón Vilberg Guðjónsson

María Guðjónsdóttir